

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri BHR 901 Hreyflar viðgerðartækni Kennsluáætlun 5.önn vor 2015	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um almennar kröfur og kröfur framleiðenda um viðgerðartækni. Farið er yfir verkfæri og tæki sem notuð eru til vélaviðgerða, notkun þeirra og meðferð. Skoðun og mæling á einstökum vélahlutum til að meta ástand þeirra, m.a. slit, áverka og sprungur. Verkefni um ákvörðun ventlatíma.

Markmið:

Nemandi þekki:

þær reglur sem gilda um hreinlæti og skipulag vinnu við vélbúnað hreyfla. Almennar kröfur og kröfur framleiðenda um viðgerðartækni. Verkfæri og tæki sem notuð eru til vélaviðgerða, notkun þeirra og meðferð. Skoðun og mæling á einstökum vélahlutum til að meta ástand þeirra, m.a. slit, áverka og sprungur

Nemandi geti:

Yfirfarið kerfi sem tengjast hreyflinum: kælikerfi, loftinntakskerfi og útblásturskerfi. Tekið strokklok af hreyfli og sett það á aftur samkvæmt fyrimælum framleiðanda. Yfirfarið ventlabúnað og gert nauðsynlegar athuganir og viðgerðir og sett hlutina aftur í hreyfilinn. Skoðað og stillt ventlatíma skipt um slifar og stimpla í dísilhreyfli (og ottóhreyfli) og gert þær mælingar og stillingar sem þar eiga við. Gert þær mælingar og athuganir sem við á til mats á ástandi sveifarbúnaðar hreyfla. Skipt um legur og þétti á sveifarási. Gert við vélbúnað brunahreyfla (ottó og dísil): dælur, kæla, síur, greinar, röralagnir o.fl. þ.h.

Námsgögn:

Tækni upplýsingar framleiðenda.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar, sem er að meta ástand gamallar vélar úr bíl. Þeir vinna verkefni samkvæmt eftirfarandi leiðarlýsingu. Nemendur vinna í tveggja manna hópum að verkefnum lotunnar en skili hvor sínu verkefni. Skiladagur 29.04.2015 fyrir klukkan 13.00 í afgreiðslu VMA. Berist verkefnið eftir að skilafresti lýkur lækkar einkunnin fyrir verkefnið um 1.0 fyrir hvern hafin sólarhring eftir 16.00 þann 29.04.2015. Verkefnum skal skila útprentuðum á íslensku með línubili 1,5 og leturstærð 12. Á forsiðu skal koma fram áfangaheiti, nafn kennara, nafn og kennitala nemanda skráð á **forsíðu prófa**. Tilgreina skal gerð hreyfils sem unnið er við hverju sinni. Nemendur geri sjónrænt mat á hreyflinum sem þeir eru að vinna við og skrái niðurstöðurnar í verkefnið. Nemendur geri athugun á hvort vélarblokk, strokklok, stimpilstangir eða aðrir hlutar vélarinnar séu undnir eða bognir og skrái í verkefnið niðurstöður ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri mælingar á sliti ventla, kambása og annars búnaðar í strokkloki og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri mælingar á slífum, stimplum, olíudælu og tengdum búnaði og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri mælingar á sveifarás og tengdum búnaði og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri samantekt á niðurstöðum athugana sinna, meti hvort hægt er að endurnýta þá hluti sem þeir hafa mælt og skili einnig skrá yfir heimildir.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40% Ástundun 20%

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 05/01/2015

Bragi Finnbogason
Undirritun kennara

Halldur Úlfjónsson
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils